

1947

Fimmtudaginn 13. október 1994.

Nr. 137/1994.

Guðmundur Karlsson

(Hjalti Steinþórsson hrl.)

gegn

Lífeyrissjóði starfsmanna Akureyrarbæjar

(Hreinn Pálsson hrl.)

Lífeyrisréttur. Ómerking. Frávísun frá héraðsdómi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason og Gunnlaugur Claessen og Gunnar M. Guðmundsson, fyrrverandi hæstaréttardómari.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 21. mars 1994. Hann krefst þess, „að viðurkenndur verði réttur hans til eftirlauna frá stefnda sem hlutfall af föstum launum 1. vélfræðings (1. vélstjóra) við Laxárvirkjun, eins og þau hafa verið og verða á hverjum tíma, frá því áfrýjandi hóf töku lífeyris hjá stefnda“. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Mál þetta var þingfest 25. júní 1992 og var því höfðað, meðan lög nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði voru í gildi. Hvergi í þeim lögum var að finna heimild til þess að hafa uppi í dómsmáli kröfu til viðurkenningar á réttindum í stað þess að gera fjárkröfu til aðfararhæfs dóms, svo sem kostur var í þessu máli. Á hinn bóginn er nú lögbundin heimild til þess háttar kröfu í 2. mgr. 25. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, er tóku gildi tæpri viku eftir höfðun málsins. Við svo búið þykir kröfugerð áfrýjanda geta staðist að þessu leyti.

Í stefnu til héraðsdóms kemur fram, að áfrýjandi telur, að eftirlaun sín frá stefnda eigi ekki aðeins að reiknast af föstum launum 1. vélstjóra við Laxárvirkjun á hverjum tíma, heldur einnig vaktaálagi og „öðrum föstum álögum eða fastri (ómældri) yfirvinnu“, og er þetta þáttur í kröfugerð hans fyrir héraðsdómi. Í hinum áfrýjaða dómi er hins vegar ekkert um þennan þátt kröfunnar fjallað, en við munnlegan málflutning fyrir Hæstarétti var fallið frá þessum þætti kröfunnar.

Áfrýjandi byggir nú eingöngu kröfur sínar á því, að hann hafi, er hann lét af störfum, fengið greidd laun samkvæmt launataxta, sem í kjarasamningum í skjölum málsins er nefndur „vaktavinna“, og að lífeyrisgreiðslur til hans eigi því að miðast við þennan launataxta, eins og hann er á hverjum tíma, og ekki skipti máli, að ekki hafi komið á móti iðgjald til lífeyrissjóðsins miðað við þennan launataxta.

Í sóknargögnum er ekki tilgreind launafjárhæðin, sem áfrýjandi heldur fram, að eftirlaun hans hafi átt og eigi að miðast við. Engin grein er gerð fyrir „föstum launum“, sem um ræðir í kröfugerð hans, og ekki er heldur gerð grein fyrir þeim lífeyri vegna vaktalags á grunnlaun, sem iðgjald var greitt af 1983-1987 og hann hefur notið, frá því að eftirlaunagreiðslur til hans hófust. Þá víkur hvergi í sóknargögnum að kauptaxta þeim fyrir vaktavinnu, er áfrýjandi reisir nú kröfu sína á, og engin grein er gerð fyrir honum í málinu.

Áður en málið var höfðað, var kröfu áfrýjanda um aukinn rétt til eftirlauna synjað með þeim rökum, að iðgjald hafði aðeins verið greitt af grunnkaupi og framangreindu vaktalagsi. Þetta er ein af málsástæðum stefnda. Þegar litið er til þessa og með hliðsjón af því, hvers eðlis sakarefni málsins er, var rétt, að verðmæti iðgjalds á móti hækkuðum eftirlaunum væri reiknað út og gögn um það lögð fram í málinu.

Þegar á þetta er litið, verður að telja, að gögnum málsins og upplýsingum um álitaefni þess hafi verið og sé enn svo áfátt, að dómur verði ekki á það lagður. Verður því ekki hjá því komist að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og vísa málinu frá héraðsdómi.

Rétt er, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur, og er málinu vísað frá héraðsdómi.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.
